

Samfélags- og náttúrugreinar 1 .bekkur

Kennarar: Brynhildur Svala Snorradóttir; Guðfinna Dröfn Aradóttir

1

Skólaárið

Skólaárið 2024- 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Í samfélags- og náttúrufræði er lögð áhersla á þemanám og að samþætta námsgreinar með sérstakri áherslu á íslensku. Kennsluhættir miðast við einstaklings- og hópavinnu, umræður, frásagnir, myndverk, ritun, framsögn, samvinnu og vettvangsferðir/útikennslu. Í lífsleikni er unnið með hugmyndafræðina Uppeldi til ábyrgðar, Vaxandi hugarfar, Vináttuverkefni Barnaheilla og Verkfærakistu KVAN. Nemendur læra um hlutverk sín og annara, þarfirnar og gera bekkjarsáttmála. Bekkjarfundir eru haldnir vikulega þar sem nemendur ræða um leiðir í samskiptum og vinna verkefni tengd "Uppeldi til ábyrgðar. Skólahjúkrunarfræðingur fræðir nemendur um hollan mat og tannheilbrigði.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Ágúst - október: skólafærni, bekkjarsáttmáli, hlutverk og þarfir.

Oktober - desember: nærumhverfið, vinátta og virðing.

Janúar - mars: nærumhverfið og mannlíkaminn.

Mars - júní: íslensku húsdýrin og sveitin.

Námsaðlögun

Námið að aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum verkefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Nemendur gera sjálfsmat á eigin frammistöðu m.t.t. áhuga, virkni, samvinnu og vinnusemi. Á bekkjarfundum fer fram jafningjamat um samskipti þ.e. hvert og eitt fær að tjá sig um hvernig vikan hefur gengið.

Námsgögn

Komdu og skoðuðu umhverfið, Komdu og skoðuðu líkamann, Halló heimur, Blómin á þakinu - sögurammi, Þjóðsögur, húsdýrin, gagnvirkir vefir og forrit t.d. af mms.is. Fjölbreytt verkefni tengd *Uppeldi til ábyrgðar, KVAN, Vináttuverkefni Barnaheilla og Growth mindset.*

AS Náttúrugreinar 1. bekkur 2019 - 2025 - Geta til aðgerða

- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægrar umgengni

AS Náttúrugreinar 1. bekkur 2019 - 2025 - Að búa á jörðinni

- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum

AS Náttúrugreinar 1. bekkur 2019 - 2025 - Lífsskilyrði manna

- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans

AS Náttúrugreinar 1. bekkur 2019 - 2025 - Náttúra Íslands

- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu, s.s. þekki íslensku húsdýrin, heiti þeirra, afkvæmi og einkenni

AS Samfélagsgreinar 1. bekkur 2019 - 2025 - Reynsluheimur

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum

AS Samfélagsgreinar 1. bekkur 2019 - 2025 - Félagsheimur

- útskýrt fimm grunnþarfir Uppeldis til ábyrgðar á einfaldan hátt og tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti